LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

YFIRLÝSING

13. ágúst 2015

Stjórn Landssambands smábátaeigenda lýsir miklum áhyggjum vegna ákvörðunar Rússa að setja viðskiptabann á vörur frá Íslandi.

LS varaði við þeirri stöðu sem upp er komin fyrir ári síðan og gagnrýndi þá að ekki hefði verið haft samráð við söluaðila sjávarafurða þegar utanríkisráðherra heimsótti Úkraínu í miðju átakanna 2014. Yfirlýsingar voru gefnar sem ljóst var að hefðu áhrif á áratuga viðskipti við vinaþjóð Íslendinga – Rússland. LS hvatti þá til að varlega yrði farið í þessum málum því gríðarlegir hagsmunir væru þar undir.

Íslendingar sluppu það sinnið við að lenda á lista yfir þjóðir sem Rússar settu viðskiptabann á.

Því miður hafa þessi mál þróast á enn verri veg, þar sem eitt verðmætasta viðskiptasamband þjóðarinnar er í uppnámi. Verðmæti markaðarins telur í tugum milljarða.

Þegar þetta er ritað hefur ríkisstjórnin enn ekki komið saman til að ræða þá grafalvarlegu stöðu sem upp er komin. Það er Landssambandi smábátaeigenda verulegt áhyggjuefni að upplifa bóltöku í þessu mikilvæga málefni.

Landssamband smábátaeigenda hvetur stjórn og stjórnarandstöðu að taka höndum saman og gera allt sem í þeirra valdi er til að endurheimta viðskiptasambönd við Rússland. LS vísar til góðra samskipta sem skapast hafa milli þjóðhöfðingja þessara grónu vinaþjóða við að finna lausn á þeirri alvarlegu stöðu sem málið er komið í.

Landssamband smábátaeigenda

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is